DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2532 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 22. janúar 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

230% aukning á umfjöllun um Þorlákshöfn í fjölmiðlum

Fyrir bæjarráði Ölfuss lá svokölluð fjölmiðlaskýrsla Creditinfo fyrir árin 2017 til 2019. Í skýrslunum sem byggðar eru á gögnum óháðra aðila kemur fram að samtals hafi umfjöllun aukist um 230% milli áranna 2017 til 2019. Aðspurður segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss, um málið: „Auðvitað er þetta gleðilegt. Ég held að þessar tölur sýni svo ekki verði um villst að afl íbúa og jákvætt viðhorf þeirra til síns samfélags sé að vaxa. Íbúar í Ölfusi eru stoltir af sínu sveitarfélagi og sem betur fer óhræddir við að tjá sig um þau mörgu góðu verkefni sem hér eru. Í þessu samhengi má til dæmis benda á frábæra umfjöllun um málverkasýningu Birgittu Bjarkar, tíða umfjöllun um okkar frábæra körfuboltalið, skemmtileg innslög um Þollóween og margt fleira. Þá erum við einnig að verða vitni að góðum vindi í segl atvinnulífsins svo sem með vexti hafnarinnar, uppgangi fiskeldis og áformum um stórtæka ylrækt. Allt verður þetta til þess að setja samfélagið okkar í jákvætt ljós og auðvitað er hamingjan skemmtilegt umfjöllunarefni.“ *-gpp*

Andstaða við stofnun hálendisþjóðgarðs

Fundir sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, hélt á Suðurlandi þann 15. og 16. janúar sl. voru vel sóttir. Umræður á fundinum voru góðar og málefnalegar og gestir beindu sjónarmiðum sínum til ráðherra. Óhætt er að segja að töluverð andstaða hafi verið við hálendisþjóðgarðinn á fundum í Aratungu og á Hvolsvelli. Aðallega hefur það þótt standa upp úr hve hratt á að afgreiða málið og að áliti margra sveitarstjórnarmanna án nægilegs samráðs. Þá hefur verið bent á að skipulagsvald sveitarfélaga kunni að verða skert. Þá hefur Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sagt að ríkisstjórnin þurfi að hlusta á gagnrýni sveitarstjórnarfólks. Í umsögn sveitarstjórnar Rangárþings eystra kemur fram að sveitarstjórn telji mikilvægt að málið verði, áður en lengra er haldið, útfært betur í miklu og góðu samráði við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Það er sá tónn sem ríkjandi er meðal sveitarstjórnarmanna að málið þurfi að skoða betur og ræða áður en það fær framgöngu. -gpp

Ungir og efnilegir leikarar í Rangárþingi eystra

Um síðustu helgi breyttist Hvollinn á Hvolsvelli í leikhús þar sem húsfyllir var á leiksýningar bæði á laugardag og sunnudag. Þar sýndu nemendur Hvolsskóla, með leiklist að valfagi, stórleik í fjórum leiksýningum. Það var Elísabeth Lind Ingólfsdóttur, grunnskólakennari með áherslu á leiklist, sem leikstýrði en henni til aðstoðar var Högni Þór Þorsteinsson. Mikill fjöldi nemenda skráði sig í leiklist sem valfag í haust og úr varð að skipta þurfti nemendum upp í fjóra hópa. Á laugardeginum var boðið upp á Ævintýraveislu byggða á Grimmsævintýrum og voru það krakkar í 5.-7. bekk sem sýndu þrjár sýningar en þau höfðu sjálf skrifað handritin. Útkoman var stórskemmtileg í alla staði og gömlu góðu ævintýrin fengu sumhver óvæntan endi. Á sunnudag sýndu krakkar í 8.-10. bekk leikritið *Í fyrrasumar* eftir Jóhönnu Friðriku Hafsteinsdóttur og Heru Sigurðardóttur en Elisabeth Lind hafði fengið leyfi til að aðlaga handritið að staðháttum og nútímavæða lítillega. Úr varð skóladrama eins og það gerist best, hnittið og skemmtilegt og ungu leikararnir stóðu sig með mikilli prýði. Leiklist sem valfag hefur slegið í gegn hjá krökkunum í Hvolsskóla sem sést glögglega á þeim fjölda krakka sem tóku þátt en það voru 12 krakkar á elsta stigi og 30 á miðstigi. Þetta er annað árið í röð sem boðið er upp á leiklist sem valfag í Hvolsskóla. Eftir sýningarnar sagði Elísabeth að hún og krakkarnir væru brjáláðislega stolt af verkunum sínum. Þetta hefði verið mikil vinna og stór áskorun fyrir alla en allir geti verið stoltir af verkum sínum, vinnan verið skemmtileg og gefið öllum orkuskot í sjálfstraustið. Að lokum sagði Elísabeth að við þurfum öll að styðja við og rækta þessa hæfileika barnanna vegna þess að leiklist mun klárlega nýtast þeim inn í framtíðina í öllu því sem þau taka sér fyrir hendur.

Bæjarfulltrúar í Árborg ýta á eftir vegaframkvæmdum

Tómas Ellert Tómasson lagði fram bókun fyrir hönd allra bæjarfulltrúa á fundi bæjarstjórnar þann 15. janúar sl. Þar var því fagnað að fullur skilningur ríkisins skuli vera á mikilvægi þess að ný Ölfusárbrú komist í framkvæmd sem fyrst. Þá leggja bæjarfulltrúarnir ríka áherslu á að lok framkvæmdarinnar verði ekki síðar en 2023 þar sem málið sé orðið svo brýnt að það þoli enga bið.

Bæjarráðið ítrekaði gagnrýni á að ekki væri haldið áfram með tvöföldun hringvegarins milli Hveragerðis og Selfoss. Þá þakkaði bæjarráð þann skilning sem sýndur var í frumvarpinu að gert verði hringtorg og undirgöng á Eyrarbakkavegi við Suðurhóla á Selfossi árið 2020.

Árborg tekur undir með Ölfusi

Bæjarráð Árborgar tekur undir með Sveitarfélaginu Ölfusi og leggur áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði í hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn. Höfnin er nú þegar orðin mikilvæg vöruflutningahöfn en ljóst er að þær fjárfestingar sem óskað er eftir í hafnarmannvirkjum í Þorlákshöfn munu hafa í för með sér verulegan efnahagslegan ábata fyrir landshagi, en ekki aðeins fyrir atvinnusvæðið á Suðurlandi. Heppileg staðsetning hafnarinnar, sívaxandi umsvif í fiskeldi á Íslandi og væntanleg framþróun í matvælaframleiðslu á svæðinu eru meðal atriða sem gera munu höfnina mikilvægari á allra næstu árum. Bæjarráð telur mikilvægt að hugað verði strax að því að færa þungaumferð til og frá Þorlákshöfn suður fyrir Selfoss og bendir á Votmúlaveg í því sambandi.

Hrós vikunnar

Þröstur Hafsteinsson
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Þröstur Hafsteinsson

Hrós vikunnar fá björgunaraðilar þ.e. Björgunarsveitir, Rauði krossinn, slökkvilið, lögregla og allir þeir sem koma að því að hjálpa fólki í neyð. Á síðustu vikum hefur mætt mjög mikið á þessu fólki, í nánast öllum landshlutum m.a. vegna óveðra, slysa og snjóflóða. Það er ómetanlegt að eiga svona vaskan hóp kvenna og karla sem vinna þrekvirki, oft við afar erfiðar aðstæður. Störfin sem þetta fólk vinnur er gríðarlega mikilvægt og óeigingjarnt.

Þröstur Hafsteinsson

Ég skora á vin minn Kára Helgason að koma með hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Kári, sendu okkur hrósið á netfangið dagskrain@prentmet.is.
Ekki væri verra að fá mynd með :)

Skemmtilegir smiðjudagar á unglingastigi Kerhólsskóla

Smiðjudagar voru haldnir í Kerhólsskóla dagana 9. og 10. janúar en þá bauð Kerhólsskóli nemendum í 8. til 10. bekk úr Bláskógaskóla í Reykholti og Laugarvatni í heimsókn til sín. Alls tóku 43 nemendur skólanna þriggja þátt í dögunum, sem tókust í alla staði frábærlega, þrátt fyrir leiðindaveður. Tilgangur smiðjudaganna er að mæta vali fyrir unglingana með öðrum hætti en almennt tíðkast og gefa nemendum þar með kost á að hafa meira um val sitt að segja. Á dögunum fá nemendur því fjölbreyttari valfög en hægt væri að bjóða upp á inn í stundatöflu þeirra. Í ár var m.a. boðið upp á listasmiðju, danssmiðju, bogfimissmiðju, jógasmiðju og fleira og fleira. Einnig var Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur með erindi um Netheima, hvað ber að varast þegar ferðast er um netið og hvernig best er að haga sér á þeim ferðum. Í lok erindis sköpuðust góðar umræður og voru unglingarnir mjög virkir og áhugasamir. Þá var haldið sundlaugapartý og góður matur borðaður, auk þess, sem nemendur skemmtu sér konunglega saman. Gist var í Kerhólsskóla.



Myndir: Vefsíða Kerhólsskóla. MHH.

Einfaldara líf

Einfaldaralif.is
ÞETTA ER EKKI ÁRAMÓTAHEIT

Áramótheit eru á vissan hátt komin með neikvæða mynd. Um daginn heyrði ég á tal fólks sem var að spá í það hvort einhver væri búin að setja sér markmið fyrir árið. Einn sagði þá, „Já ég er búinn að því. Þetta er sko ekki áramótaheit eða eitthvað svoleiðis, en …“

Þetta fékk mig til að hugsa. Af hverju þarf áramótaheit að vera neikvætt. Jú, eflaust vegna þess að svo margir hafa sett sér áramótaheit sem þeir hafa ekki staðið við. Trúið mér, ég hef verið í þeim hópi. Ég hef sett mér allskonar áramótaheit sem ég hef ekki staðið við. En áramótaheit eru í raun ekkert öðruvísi en markmið. Það er hægt að setja sér áramótaheit um áramótin. Það er hægt að setja sér markmið um áramótin en áramótaheit og markmið nást ekki ef maður hefur ekki skýra sýn, skýra ástæðu og vilja.

Einfaldara líf

Þegar ég held námskeiðin Einfaldara líf - Betra líf þá hvet ég alla þátttakendur til að skoða af hverju þeir vilja einfalda lífið, hvað kemur í veg fyrir það og hvað þarf að einblína á til þess að það nái að verða.

Það sama á við um áramótaheit og markmið. Mistökin sem fólk gerir oft er að setja sér markmið um áramót um að léttast og hætta að borða óhollt. Það er gott og gilt að vilja léttast eða borða hollari mat til að huga vel að heilsunni en það væri mun gáfulegra að hugsa frekar um heilsuna til þess að líða vel, til þess að hafa orku, til þess að geta gert hluti sem þú átt erfitt með í dag.

Ef við setjum þetta í samhengi við markmiðssetninguna sem fólk gerir í upphafi námskeiðsins Einfaldara líf - Betra líf er gott að hugsa það svona:

Af hverju vil ég „(tilgreina markmið)“?

Hver er ástæðan?

Hvað þarf ég að forðast?

Skrifa svo persónulega yfirlýsingu.

Dæmi:

Af hverju vil ég hafa góða heilsu?

Ég vil hafa góða heilsu til að hafa orku til að sinna börnunum mínum, geta auðveldlega gengið upp á fjöll, farið í langa göngutúra, farið á skíði, ferðast og liðið vel í eigin líkama.

Hvað þarf ég að forðast?

Ég þarf að forðast kyrrsetu, forðast afskanir sem vilja koma í kollinn minn, ég þarf að forðast næringarlausan mat, ég þarf að forðast að vera í kringum fólk sem hefur neikvæð áhrif á þetta markmið mitt.

Persónuleg yfirlýsing:

Ég vil hafa góða heilsu til þess að mér líði vel í eigin líkama, geti verið lengi til staðar fyrir fólkið mitt og sinnt þeim áhugamálum sem brenna á hjarta mínu.

Þetta er dæmi um það hvernig við getum gert áramótaheit/markmið að lífsstíl. Þegar við vitum hver rótin er á bak við markmið okkar þá er mun auðveldara að stefna þangað smám saman. Það er ekki til nein skyndilausn. Hvort sem það tengist andlegri eða líkamlegri heilsu, fjármálum, atvinnu eða námi.

Ef þú veist hver grunn ástæðan er á bak við markmiðið þitt þá er mun líklegra að þú veljir það sem gott er þegar þú stendur frammi fyrir ákvörðunum.

Nánari upplýsingar um námskeið og fleira má finna á Facebook (Einfaldara líf).

Gangi þér vel!

Gunna Stella,
IIN heilsumarkþjálfi, B.ed.

Slökkviliðsæfing í ML

Menntaskólinn að Laugarvatni hefur ávallt staðið opinn fyrir björgunarsveitir og slökkvilið ef óskað hefur verið eftir aðstöðu til æfinga. Björgunarskólinn hefur haldið hér námskeið og einnig hafa komið sveitir úr Reykjavík og verið hér yfir helgi með námskeið og fengið þá að nýta sér aðstöðu í stofum til fyrirlestra og gistingar. Þann 15. janúar sl. kom vaskur hópur manna frá Brunavörnum Árnessýslu og hélt æfingu í meðferð hitamyndavéla sem geta nýst vel til að finna bæði hvar eldur er staðsettur í reykfylltu herbergi og einnig til að finna fólk sem ekki hefur komist út úr brennandi húsum. Æfingin hófst á glærukynningu í fyrirlestrarsal en síðan skiptu menn sér í hópa og æfðu verklega reykköfun á efstu hæð skólans. Æfingin fólst meðal annars í því að þurfa að þreifa sig eftir dimmum gangi, finna mann á bókasafni og koma honum út. Svona æfingar geta verið krefjandi og reynt á menn, bæði andlega og líkamlega og því afar gott að geta haldið svona æfingar í húsnæði sem menn þekkja kannski misvel. Allt tókst þetta mjög vel, allir ánægðir í lok æfingar og ekki spillti að nemendur í þriðja bekk buðu þeim upp á kaffi og kökuhlaðborð að æfingu lokinni. Þau voru með kaffihúsakvöld á sama tíma í matsal og því passaði þetta allt mjög vel. Pálmi Hilmarsson, umsjónamaður fasteigna hjá ML sagði: „Við fögnum því að fá Brunavarnir Árnessýslu hingað til æfinga og þeir eru ávallt velkomnir, því oftar sem þeir koma, þeim mun betur þekkja þeir húsin þó vonandi þurfi aldrei að koma til þess að á þeim þurfi að halda.“ -gpp

Leikfélag Selfoss setur Djöflaeyjuna á svið

Leikfélag Selfoss æfir um þessar mundir leikritið Djöflaeyjuna í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar. Stefnt er á frumsýningu í lok febrúar. Unnið er með sögurnar Þar sem djöflaeyjan rís og Gulleyjan eftir Einar Kárason sem og leikgerðir Leikfélags Reykjavíkur og Þjóðleikhússins. Rúnar Guðbrandsson hefur áður unnið með Leikfélagi Selfoss, fyrst árið 2010 með Sólarferð eftir Guðmund Steinsson og Kirsuberjagarðinn eftir Chekov árið 2017. Hann hefur sett upp fjölda sýninga hjá sjálfstæðum atvinnuleikhúsum og áhugaleikfélögum um land allt. Rúnar er fagstjóri leiklistar við Kvikmyndaskóla Íslands. Djöflaeyjan er löngu orðin vel þekkt saga þar sem Reykjavík eftirstríðsáranna er í forgrunni þá sérstaklega mannlífið í braggahverfunum sem settu mikinn svip á bæinn. Við kynnumst fjölskyldunni í Gamla húsinu og fáum innsýn á kómískan en jafnframt dramatískan hátt í þann veruleika sem fólk bjó við eftir stríð. Síðustu vikur hafa því verið skreyttar lífi og fjöri í litla Leikhúsinu við Sigtún; fólk mátar sig við karaktera braggahverfisins, syngur skemmtilega söngva og skellir upp úr af gleði.

Miðasala fer fljótlega í gang en í millitíðinni hvetjum við alla til að bæta „leik-selfoss“ við á Snapchat og fylgjast með því það er aldrei að vita hverju við tökum upp á! Eins má fylgjast með okkur á Facebook og á www.leikfelagselfoss.is. Verið velkomin á Djöflaeyjuna, þar sem allt getur gerst.

Sunnlenski matgæðingurinn



Hrafnhildur Hauksdóttir.

Ég vil þakka Össu stórvinkonu minni kærlega fyrir þessa áskorun, en við byrjuðum að reiða fram dýrindis rétti saman á heimavistinni hér forðum daga og höfum því þróað matreiðsluna saman í gegnum árin. Uppskriftirnar sem koma hér að neðan eru fengnar frá grgs.is með smá breytingum og eru í miklu uppáhaldi þessa dagana.

Fylltar sætar kartöflur.
3 sætar kartöflur
ólífuolía
½ rauðlaukur, þunnt skorinn
250 g elduð kjúklingabringa, skorin í þunnar sneiðar
2 hvítlauksrif, pressuð
1 paprika, skorin í sneiðar
50 g nýrnabaunir úr dós
1 tsk. paprikukrydd
120 g mozzarellaostur, rifinn
safi úr 1 lime
1 búnt kóríander, saxað

Meðlæti:
lime skorið í báta
avocado, skorið í bita
salsasósa
sýrður rjómi

Fyrst eru kartöflurnar settar í ofn í u.þ.b. 50 mín. á smjörpappír. Á meðan beðið er eftir kartöflunum er tilvalið að setja olíu á pönnu og steikja rauðlaukinn. Því næst er kjúklingi, hvítlauk og papriku bætt út á pönnuna. Paprikukryddi er svo blandað við og loks nýrnabaununum út á pönnuna. Takið af hitanum og geymið. Þegar sætu kartöflurnar eru fulleldaðar er þeim leyft að kólna í um 5 mínútur eða þar til þær eru orðnar volgar. Skerið þær varlega í tvennt. Skafið megnið af sætkartöflunni úr en skiljið um 1 cm eftir við hýðið. Setjið í skál og bætið kjúklingablöndunni saman við kartöflurnar. Hrærið lime-safann saman við. Látið hýðið á ofnplötu með smjörpappír og fyllið með fajitablöndunni. Stráið osti yfir og kóríanderlaufum. Setjið aftur inn í ofn í um 15-20 mínútur eða þar til osturinn er farinn að brúnast lítillega.

Tilvalið meðlæti er t.d. kóríander, avocado, salsasósa og sýrður rjómi.

Marengsbomba
Bróðir og mágkona mín eru dugleg að bjóða mér í mat og hafa þau hent í ófáa eftirréttina en hér kemur sá allra besti.

1 stór eða 2 litlir marengsbotnar að eigin vali.
400 ml rjómi
150 g saxað Daim
300 g jarðarber, skorin
200 g bláber
100 g rauð vínber, skorin
100 g Daim, grófsaxað
Saltkaramellusósa, tegund eftir smekk.

Fyrst er tekið stórt ofnfast mót og marengsinn brotinn ofan í formið. Rjóminn er þeyttur og söxuðu Daim blandað við með sleikju. Rjómanum er síðan dreift yfir marengsinn. Ofan á það fara svo berin og grófsaxaða Daimið yfir rjómann. Toppið með saltkaramellu. Geymið í kæli og gott að gera þetta með smá fyrirvara svo marengsinn nái að blotna vel.

Ég skora á hana Ernu Guðjónsdóttur vinkonu mína og fyrrum liðsfélaga til að halda keflinu gangandi og hef ég mikla trú á að hún töfri fram dýrindis uppskrift fyrir næstu viku. Takk kærlega fyrir mig!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnarp@prentmet.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum.
Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er fuglafótum á,
flötur gróinn ósum hjá,
og á spjörum margra má
mig á hverjum degi sjá.

Svar við gátu í blaði: KARL.
1. lína: Hákarl - 2. lína: Járnkarl
3. lína: Gamall karl - 4. lína: Karl (steindrangur)

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?
www.dfs.is/atvinna/

VÉLSTJÓRN OG VIÐHALD

Kuldaboli ehf. leitar að starfsmanni til þess að sinna vélgæslu og viðhaldi á vélum og tækjum félagsins í Þorlákshöfn. Reynsla og kunnátta á frystivélum er æskileg.

Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á kuldaboli@kuldaboli.is fyrir 31. janúar 2020.

KULDABOLI

Kuldaboli rekur frystigeymslu, ísverksmiðju og löndunarþjónustu fyrir skip og báta. Fastir starfsmenn eru sjö.

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nú getur þú skráð viðburðinn þinn inni á DFS.is!

Sendu okkur póst á vidburdir@dfs.is

NPA MIÐSTÖÐIN

NPA aðstoðarfólk óskast á Selfossi

Ég er að leita að aðstoðarfólki til að vinna hjá mér og aðstoða mig við flestar athafnir daglegs lífs. Ég bý á Selfossi, ég er 27 ára gamall hreyfihamlaður maður, er mikill dýravinur og hef áhuga á bíomyndum svo ekki væri leiðinlegt ef umsækjendur hefðu gaman af bíoferðum. Ég mun á þessu ári líklegast leita mér að starfi og aðstoðarmanneskjur gætu þurft að aðstoða mig við það.

Um er að ræða c.a. 40-100% starf. Um vaktavinnu (dag og nætur) er að ræða og laun eru samkvæmt sérkjarasamningi NPA-miðstöðvarinnar við Eflingu. Starfið hentar með öðrum verkefnum eins og háskólanámi.

Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri. Reynsla af þjónustu við fatlað fólk er ekki nauðsynleg. Umsækjendur skulu vera opin fyrir dýrum, með bílpróf og hreint sakavottorð. Nauðsynlegt er að eiga auðvelt með að taka leiðsögn og draga sig í hlé. Traust, virðing, jákvæðni og stundvísi eru mikilvægir kostir í starfinu. Hægt er að kynna sér hugmyndafræði NPA á vef NPA-miðstöðvarinnar www.npa.is.

Umsóknir með ferilskrám sendist á stefanbjorn1@live.com.

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Hreinsistöð fráveitu á Selfossi, Árborg

Sveitarfélagið Árborg hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um hreinsistöð fráveitu á Selfossi.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 21. janúar—4. mars á eftirtöldum stöðum: bæjarskrifstofu Árborgar, bókasafni Árborgar, Þjóðarbókhlöðunni og Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 4.mars 2020 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Kynningarfundur: Vakin er athygli á að Sveitarfélagið Árborg stendur fyrir kynningarfundi á frummatsskýrslu þann 29. janúar kl. 16:00 til 19:00 í Tryggvaskála, Austurvegi 2 og eru allir velkomnir.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

SKIPULAGSFULLTRÚI

UTU býður starfsmönnum:

- Fjölbreytt starf
- Náttúrufegurð allt í kringum skrifstofuna
- Tækifæri til að sækja námskeið

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveitanna (UTU) er skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa fimm hreppa í uppsveitum Árnessýslu og Ásahrepps í Rangárvallasýslu. Um nokkurra ára bil var tæknisvið hjá stofnuninni en nú er starfsemin eingöngu bundin við skipulags- og byggingarfulltrúa. Hjá embættinu starfa tíu manns og fer starfsemin að mestu leyti fram á Laugarvatni. Mörg sumarhús eru á svæðinu og einkennir það starfsemi UTU umfram önnur skipulags- og byggingarembætti á landinu.

Laus er til umsóknar staða skipulagsfulltrúa hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita. Skipulagsfulltrúi starfar með sameiginlegri skipulagsnefnd sveitarfélaganna á svæðinu. Hann hefur umsjón með skipulagsgerð á svæðinu og hefur eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við skipulag og útgefin leyfi. Skipulagsfulltrúi skal uppfylla kröfur um menntun og starfsreynslu samkvæmt 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Starfssvið

- Yfirumsjón skipulagsmála í sveitarfélögunum
- Útgáfa framkvæmdaleyfa
- Leiðbeiningar til sveitarfélaganna um skipulagsmál
- Undirbúningur funda skipulagsnefndar, lögformleg afgreiðsla erinda og eftirfylgni mála

Menntun og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Umsækjandi skal uppfylla menntunar- og hæfniskröfur samkvæmt 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013
- Reynsla af starfi tengdu skipulagsmálum er skilyrði
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Metnaður og frumkvæði til að ná árangri í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is** **Umsóknarfrestur til og með 30. janúar nk.**

HAGVANGUR

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Vilhjálmur Þór Pálsson,
Selfossi,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 15. janúar verður jarðsunginn frá Selfosskirkju þriðjudaginn 28. janúar kl. 13:00.

Þórunn Þórhallsdóttir
Bjarki Þór Vilhjálmsson **Íris Hödd Pétursdóttir**
Jóhanna Ýr Bjarkadóttir **Dennis Kambskarð**
Þórunn Petra Bjarkadóttir **Gunnar Ellert Peiser**

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samhug og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Gunnars Gunnarssonar,
fyrrum bónda, Selfossi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi fyrir góða umönnun og hlýju. Megi nýja árið færa ykkur öllum gæfu og gleði.

Steinunn Eyjólfsdóttir
Atli Gunnarsson **Anna Sigrúnardóttir**
Guðrún Ásta Gunnarsdóttir **Sveinn Sigurmundsson**
Erna Gunnarsdóttir **Jón Árni Vignisson**
Sigríður Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána í
hverri viku.



Auglýsingasíminn er 482 1944

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Valkyrja

Til að þreyja þorrann og mánuðina sem fylgja er gott að geta brynjað sig með hlýrri slá þegar skutlast er milli staða. Uppskriftin er í stærðum S (M) og L. Ef fyrirhugað er að hafa slána síðari en sú sem hér er sýnd þarf að bæta við garni.

Efni:
5 (6) 7 dk léttlopi no og 4 (5) 6 dk Dolce dökkgrátt sem er léttspunnin mohairblanda. Prjónar: 40 sm no 5 og 9 og 80 sm no 9.

Uppskrift:
Sláin er prjónuð ofan frá og niður.
Fitjið upp 90 (95) 100 l á prj no 5 med Dolce. Tengið saman í hring og prjónið stroff, 2 sl, 3 br 13 (15) 17 sm.
Prjónið saman 2. og 3. brugnu lykkjuna allan hringinn.
Skiptið yfir í prjóna no 9 og prj hér eftir með einum þræði af léttlopa og 1 þræði af Dolce. Prjónið 2 sl og 2 br til skiptis - 5 umf.
Umf 6: *1 sl, 1 sl prjónuð í lykkjuna undir næstu l. 1 sl. 2 br*. Endurtakið * _ * út umferðina. Prjónið næstu 4 umferðir 3 sl, 2 br til skiptis.
Umf 11: *1 sl, 1 sl prjónuð í lykkjuna undir næstu l. 2 sl. 2 br*. Endurtakið * _ * út umferðina. Prjónið næstu 4 umferðir 4 sl, 2 br til skiptis.
Umf 16: *2 sl, 1 sl prjónuð í lykkjuna undir næstu l. 3 sl. 2 br*. Endurtakið * _ * út umferðina. Prjónið næstu 4 umferðir 5 sl, 2 br til skiptis.
Umf 21: *3 sl, 1 sl prjónuð í lykkjuna undir næstu l. 2 sl. 2 br*. Endurtakið * _ * út umferðina. Prjónið næstu 4 umferðir 6 sl, 2 br til skiptis.
Umf 26: *2 sl, 1 sl prjónuð í lykkjuna undir næstu l. 4 sl. 2 br*. Endurtakið * _ * út umferðina. Prjónið næstu 4 umferðir 7 sl, 2 br til skiptis.
Umf 31: *5 sl, 1 sl prjónuð í lykkjuna undir næstu l. 2 sl. 2 br*. Endurtakið * _ * út umferðina. Prjónið næstu 4 umferðir 8 sl, 2 br til skiptis.
Haldið áfram að auka þannig út í slétta hluta prjónsins í fimmtu hverri umferð til skiptis eftir 2 l og þegar 2 l eru eftir þangað til sl lykkjurnar eru orðnar 13.
Prjónið áfram þar til sláin er orðin hæfilega síð og fellið þá af.
Gangið frá endunum, þvoið í volgu sápuvatni og leggið til þerris.

Uppskrift: Alda Sigurðardóttir.

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

† Minningarbrot

Mig langar að minnast hér vinar, æsku- og skólafélaga og ekki síst frænda, Steindórs Sverrissonar en við áttum hér góð ár á Selfossi og nefni ég þá Birkivelli því við bjuggum þar báðir, ég á nr. 16 og hann á nr. 26. Þetta voru góðir tímar, verandi í brennibolta og allskonar dúfna- og kofabrölti og ekki síst Grýlupottahlaupum og malarvallarsparki og ég tala nú ekki um skylmingaliðin, þá var barist milli austur og vesturbæjar en það skiptist um Tryggvagötu. Já tíminn var fljótur að líða, það gerðist allskonar eins og gengur. Fyrr en varði vorum við báðir komnir til sjós, reyndar í sitt hvoru plássi ég meira í eyjum en hann í Þorlákshöfn. En eitt árið er ég milli skipa eins og sagt var, hringir síminn, það er Steindór. „Sæll frændi," hann kallaði mig alltaf frænda, „ég frétti að þú værir ekki í plássi núna, hringdu í Svenna Jóns, hann vantar stýrimann," ég hringi og ég er ráðinn. Svona var Steindór alltaf að aðstoða. Þannig lágu leiðir okkar aftur saman komnir með konur og alles. En eitt haustið kem ég um borð og segi við Steindór; Solla er ófrísk, „til hamingju frændi, þetta er Galtalækur." Galtalækur segi ég hálf hissa. „Já, já, segir Steindór manstu ekki er við fórum þangað í útilegu síðasta vor og það rigndi þessi ósköp?" Jú, ég mundi það vel, því við vorum ansi mikið inn í tjaldi þessa helgi, ég og mín kvinna. Svona var Steindór fljótur að hugsa og tengja hina ýmsu hluti saman, en í reynd var hann mjög leikinn með tölur, því á þessum árum sá hann og fylgdist með öllu er viðkom launa- og sjóðsmálum um borð, og leituðum við strákarnir oft til hans ef eitt og annað passaði ekki við uppgjör. Góður bókari.Einn góðan sið hafði Steindór, hann reiknaði alltaf út hlutinn per dag og hengdi upp á töflu inni í borðsal en þá var yfirleitt landað á hverjum degi á þessum netavertíðum. Svo gerist það ég fer í fæðingarorlof, þetta er um páska og ég er fimm daga í burtu, kem aftur um borð hitti Steindór. „Til hamingju frændi og til hamingju með litla frænda," segir hann. Takk segi ég er ekki búið að fiskast vel? „Jú,jú," segir Steindór og bendir upp á töflu hugsar sig aðeins um og segir: „Hann var dýr þessi frændi." Að lokum langar mig að deila með ykkur frábærri uppskrift frá Steindóri en hann var mikill og góður kokkur og grínisti líka, en þessi var notuð ef lítið var eftir af mat og til að gleðja okkur strákana. Hún uppskriftin nefnist Stafabrauð. Aðferð: Hafið helst allt hráefni í eldri kantinum, takið brauð, helst afganga og gerið gat í miðju og skellið á pönnu. Takið saltkjötfars, því það þarf ekki að krydda það má alveg vera aðeins grænt og setjið í miðju brauðsins. Steikist báðu megin og borið fram. Síðan fá allir sinnepstúpuna en hún gengur á milli manna og hver og einn skrifar upphafsstafinn í sínu nafni á brauðið. Þetta voru örfá blik er komu upp í huga minn á þessari stundu. Vertu sæll kæri frændi og vinur. Elsku Hjördís innilegar samúðarkveðjur til fjölskyldu barna og barnabarna.

Björgvin Helgason (Göbbi).

Vitaleiðin - hliðið inn á Suðurlandið

Fjöldi þátttakenda tók þátt í mótun verkefnisins í þremur vinnustofum sem haldnar voru í og við hvert þorp innan Vitaleiðarinnar.

Vitaleiðin er ný ferðamannaleið í mótun sem beinir athygli ferðafólks að nýju svæði, dregur fram enn betur þá miklu sögu og menningu sem er til staðar á svæðinu sem og alla upplifunarmöguleikana í afþreyingu og náttúru. Vitaleiðin er 45 km leið sem nær frá Selvogi að Knarrarósvita. Nafngiftin kemur vegna vitanna, Selvogsvita og Knarrarósvita sem marka upphaf og enda leiðarinnar, að auki er þriðji vitinn á leiðinni Hafnarnesviti í Þorlákshöfn. Vitaleiðin bíður upp á þá skemmtilegu fjölbreytni að ferðalangar geta ekið hana eða nýtt sér strandlengjuna og þá göngustíga sem búið er að gera meðfram sjónum til að ganga leiðina eða jafnvel nýta sér hjól sem ferðamáta.

Samvinna milli ólíkra aðila mikilvæg

Vinna við leiðina er í fullum gangi og stefnt er að opna hana formlega vorið 2020. Verkefnið er unnið af Markaðsstofu Suðurlands í samvinnu við sveitarfélögin Árborg og Ölfus. Vitaleiðin er hluti af verkefnunum Umhverfis- og þematengdar samgöngur sem er áhersluverkefni SASS sem og Ferðamannaleiðir sem er verkefni styrkt af Ferðamálastofu. Að auki koma hinir ýmsu hagaðilar að vinnunni á einn eða annan hátt. Í lok nóvember voru haldnar þrjár vinnustofur með rekstraraðilum sem starfa í og við hvert þorp þar sem farið var meðal annars yfir væntingar þátttakenda til leiðarinnar, hún greind miðað við hvað er til staðar, hvað vantar uppá sem og SVÓT greiningu.

Mikil tækifæri skapast en innviði þarf að styrkja

Þátttakendur voru sammála því að leiðin býr yfir fjölmörgum styrkleikum í formi sögunnar, náttúru, kyrrðar, víðsýni, fjölbreyttra afþreyingamöguleika, veitingastaða og gistimöguleika svo að dæmi séu nefnd. Veikleikarnir speglast helst í innviðum eins og skorti á útskotum við veginn, þröngri Óseyrarbrúnni, skortur á almenningssamgöngum á milli svæða. Þegar þjónustan var skoðuð þá var það helst lítið samráð/samtals á milli þjónustuaðila og opnunartímar. Einnig vantar mikið upp á almennar merkingar og betri upplýsingagjöf innan svæðisins. Helstu ógnir við Vitaleiðina töldu þátttakendur vera ekki nægileg þjónusta frá Vegagerðinni, möguleikar á áhugaleysi og jafnvel ósamstöðu á svæðinu, með auknum ferðamannaflaumi væri hætta á að það dragi úr rólega umhverfinu, einnig gæti fækkun ferðamanna til Íslands ógnað rekstrargrundvelli þjónustuaðila. Svo gæti veður og sjólag einnig ógnað leiðinni sem og gengisbreytingar og óstöðugt efnahagsástand. Það sem flestir þátttakendur voru sammála um Vitaleiðina er að hún gæti komið á endalausum tækifærum. Heilmikil tækifæri eru hjá samfélaginu að það myndist samlegðaráhrif með aukinni gestakomu á svæðið. Dæmi: aukin atvinnutækifæri, aukin þjónustu við heimafólk, meiri samstaða á milli bæjanna, meira líf, fjölbreyttari menning og aukin búsetuskilyrði. Fyrir ferðamennina væri kominn grundvöllur að enn fjölbreyttari afþreyingu og upplifun fyrir gesti. Vitaleiðin myndi stuðla að meiri dreifingu ferðamanna og þá kynna fyrir gestum betur sérstaklega fyrir þá sem vilja ferðast á nýjum og fáfarnari svæðum.

Miklar væntingar til verkefnisins

Einnig voru þátttakendur spurðir út í væntingar til Vitaleiðarinnar. Þátttakendur voru jákvæðir gagnvart verkefninu og væntingar miklar eftir að Vitaleiðin verði að veruleika og verði góður valkostur fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda, þeir séu vel upplýstir um svæðið og hvað það hefur upp á að bjóða, þeir staldri við og njóti upplifunarinnar. Einnig að Vitaleiðin tengi betur saman svæðið og styrki þéttbýliskjarnana á svæðinu með meiri uppbyggingu, fleiri tækifærum fyrir íbúa og aukið framboð af þjónustu fyrir íbúa og samfélagið.

Með þeim góðu gögnum sem söfnuðust saman á vinnustofunum í nóvember er kominn góður grunnur til að vinna verkefnið lengra og gera Vitaleiðina að öflugri ferðamannaleið. Leiðin bíður einnig upp á að seinna meir verði leiðin tengd við aðrar ferðamannaleiðir, hvort sem er inn á Reykjanesið eða sem viðbót í „perlufesti Suðurlands“.

Páll Jökull, ljósmyndari, fangar hér Knarrarósvita baðaðan í norðurljósum. Vitaleiðin, ný ferðamannaleið í mótun er hugsuð til að beina og draga að athygli ferðafólks að nýju svæði. Ætlunin er vísa áfram á þá miklu sögu og menningu sem er til staðar á Vitaleiðinni. Vitaleiðin er 45 km leið á mili tveggja vita, Selvogsvita og Knarrarósvita. Að auki er þriðji vitinn á leiðinni, Hafnarnesviti í Þorlákshöfn.

82%
Sunnlendinga
lesa Dagskrána í
hverri viku.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

EFLA

Útboð

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið: Aðveitulögn vatnsveitu að Kambalandi.
Verklok eru 15. júní 2020.

Verkið felur í sér að leggja nýja Ø250 stofnlögn vatnsveitu frá vatnstanki ofan við Álfafell, að nýju hverfi sem verið er að byggja í Kambalandi. Einnig skal leggja ljósastrengi, byggja upp göngustíg, ganga frá yfirborði stígs og nánasta umhverfi hans.

Verkkaupi mun á verktíma leggja áherslu á vandaða umgengni um framkvæmdasvæði.

Helstu magntölur eru:
- Lagnaskurður 1.700 m
- Vatnslögn Ø250 1.535 m
- Styrktarlag 700 m³
- Ljósastrengir 1.240 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 23. janúar 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við EFLU á Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið utbod.sudurland@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði, fyrir kl. 11:00, fimmtudaginn 6. febrúar 2020 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

HVERAGERÐISBÆR

EFLA VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

Svaðilfarir Svals og Vals eru innprentaðar í mig

- segir lestrarhesturinn Már Ingólfur Másson

Már Ingólfur Másson er sagnfræðingur og grunnskólakennari. Giftur Jónínu Ástu og saman eiga þau tvær dætur. Már hefur starfað við kennslu frá 2007 fyrst á Hellu en svo á Selfossi, bæði í FSu og Vallaskóla. Saga Selfossbæjar hefur verið honum hugleikin undanfarin ár og varðveisla hennar enda lengi staðið til að skrifa sögu bæjarins.

Hvaða bók ertu að lesa núna?
Er að lesa þrjár bækur *Síðustu ástarjátninguna* eftir Dag Hjartarson, *Húðflúrarinn í Auschwitz* eftir Heather Morris og svo er ég að byrja á *Húsið okkar brennur* sem er fjölskyldusaga Gretu Thunberg og *Vertu ósýnilegur – flóttasaga Ishmaels* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Allar mjög áhugaverðar hver á sinn hátt. *Síðasta ástarjátningin* er mjög áhugaverð og stíllinn skemmtilega flæðandi. Sagan er fyndin, ljúf og smá sorg í henni. Efnistökin eru líka þannig að það er svo auðvelt að tengja sig við hana. *Húsið okkar brennur* er á náttborðinu og ég rétt að byrja að fletta henni en er mjög spenntur. *Húðflúrarinn* er svo átakanleg frásögn frá Auschwitz. Minnir mig að ákveðnu leyti á *Mennirnir með bleika þríhyrninginn*. Ótrúlegt að í miðri þessar ómennsku illsku skuli lífið hafa haldið áfram hjá fólki. Bókin segir sögu Lale sem lifði af vistina, kynntist ástinni og var tilbúinn að fórna öllu fyrir hana. Að ástin kvikni og lifi í þessu helvíti er ótrúlegt og það sem Lale lagði á sig með ólíkindum, skyldulestur fyrir alla. *Vertu ósýnilegur* er svo vinnutengd lesning en er virkilega áhugaverð og stendur vonandi undir væntingum.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?
Þegar ég þarf að slaka á les ég skandinavískar sakamálasögur. Til að kveikja á hausnum les ég um sögutengd málefni og kennslufræði. Það er bara svo gaman og gott að lesa að mér finnst í raun allt skemmtilegt. Nema *Stjarna Strindbergs* eftir Jan Wallentin, það er versta bók sem ég hef nokkurn tímann byrjað á og náð að klára. Frá hausti og fram í desember og svo janúar og að páskum er hausinn undirlagður af kennslu og þá kemur sér vel að slökkva á honum með einföldum krimmum eins og eftir Arnald Indriðason, Lars Kepler og því öllu saman. Ég blanda síðan þeim lestri saman við bækur og rit um kennslufræði. Var til dæmis að klára mjög skemmtilega bók sem heitir *20 time* og fjallar um það að setja upp áhugasviðstengd verkefni í 20% af kennslutímanum. Þegar ég er í frí frá vinnu þá get ég lesið hvað sem er.

BÓKABÆIRNIR AUSTANFJALLS

Lastu bækur í bernsku?
Alla mina barnæsku las ég eins og ég fengi borgað fyrir það, bjó á Skólavöllunum og því ekki nema rétt svo að rölta út götuna til að fara á bókasafnið. Ég kunni utan að íslenska knattspyrnu, ævisögur íþróttamanna og Sval og Val. Var yfirleitt með 5 - 10 bækur í láni frá safninu auk þess sem ansi myndarlegt safn myndasagna var til heima frá eldri bræðrum mínum, *Svalur og Valur, Tinni*, *Viggó viðutan* og *Gormur* nánast komplet og þaut ég í gegnum þessar bækur aftur og aftur. Svaðilfarir þeirra Svals og Vals eru innprentaðar í mig og ef á reyndi gæti ég líklega sagt frá öllum bókunum í mjög löngu og ítarlegu máli. Annars man ég mjög vel eftir því að hafa stautað mig snemma í gegnum *Selinn Snorra* og sú bók gerði það að verkum að ég fann ekki fyrir neinni samkennd með Keikó.

En hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?
Les alltaf fyrir svefninn og þegar ég hef dauðann tíma er rosalega gott að lesa eða jafnvel hlusta á hljóðbók, er að hlusta meðan

Már Ingólfur Másson.

ég skrifa. Ég hef aldrei dottið í að lesa bækur á snjalltækjum þó ég sé með þau í höndunum alla daga. Meðan skólinn er á fullu les ég í skorpum en markmið ársins er að lesa þrjátíu bækur.

Áttu þér einhver uppáhalds rithöfund?
Nei eiginlega ekki. Þegar ég var barn og unglingur voru það Svalur og Valur og þá sérstaklega Tom & Janry og svo Franquin sem heilluðu mig þá. Síðan tók ég langt og gott J.R.R. Tolkien tímabil. Ef ég ætti að svara þessari spurningu yrðu það þessir.

Hefur bók rænt þig svefni?
Stefán Máni hefur verið duglegur við það. Stundum hefur mig langað að hringja í hann og athuga hvort það væri í lagi með hann. Sérstaklega eftir *Litlu Dauðana* og *Nautið*. *Stjarna Strindberg* heldur líka ennþá fyrir mér vöku, hún er svo léleg. Svo er það stundum sem bækur eru það góðar að ekki er hægt að leggja þær frá sér og það er jákvætt.

En að lokum Már, hvernig bók myndir þú skrifa sem rithöfundur?
Sögu Selfoss. Eða ævintýralega spennusögu um sagnfræðing sem kennir í grunnskóla á daginn og leysir sakamál á kvöldin með aðstoð snjalltækja. Sú bók yrði samt alveg svakalega léleg svo við skulum halda okkur við sögu Selfoss. Í hausnum á mér er svona 75% af henni tilbúin og efnistök eru mjög spennandi. Saga bæjarins er einstök á landsvísu að það er synd að hafa ekki skráð hana alla fyrr. Að svona stór bær hafi byggst upp án þess að treysta á fiskinn er stórmerkilegt. Þjónustukjarni inní miðju landi.

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Nýjar fréttir á hverjum degi!

HEILSUHORN HSU

Offita og ofþyngd – getur heilsugæslan hjálpað?

Það er ekkert nýtt að heyra það að Íslendingar eru þyngstir meðal Norðurlandaþjóða og jafnvel meðal Evrópuþjóða. En eru þetta ekki fréttir sem við þurfum að taka alvarlega? Hvað getum við gert sem einstaklingar til að taka ábyrgð á eigin heilsu og heilsu barnanna okkar? Ég tel að hver og einn þurfi að líta í eigin barm og á sína fjölskyldu.

Bjarnheiður Böðvarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á heilsugæslu Selfoss.

Þeir sem eru komnir í ofþyngd eru með líkamsþyngdarstuðul milli 25 - 30. Þeir sem eru í offitu eru með líkamsþyngdarstuðul yfir 30. Líkamsþyngdarstuðull (LÞS, e. „body mass index“ eða BMI) er reiknaður út frá upplýsingum um hæð og þyngd. Líkamsþyngdarstuðullinn hentar ágætlega til þess að mæla breytingar á holdafari hópa á tilteknu tímabili en er ekki eins vel fallinn til að mæla holdafar einstaklinga þar sem hann tekur ekki tillit til mismunandi líkamsbyggingar og greinir ekki á milli fitu og annarra vefja líkamans. Þess vegna megum við ekki vera of upptekin af þessum tölum. Að vera yfir kjörþyngd segir okkur það að við erum komin með a.m.k. einn áhættuþátt fyrir auknum líkum á lífsstílssjúkdómum eins og sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómum og krabbameini t.d.

Þeir sem að breyta lífsstíl sínum og létta sig ættu að meta árangurinn í bættri heilsu og meiri vellíðan fremur en hve mörg kíló hafa tapast. Árangur má skilgreina sem aukin lífsgæði, meira sjálfstraust, meiri atorku, bætta heilsu almennt eða hindrun á frekari þyngdaraukningu. 5-10% þyngdartap getur bætt heilsuna umtalsvert.

Orsakir ofþyngdar og offitu geta verið margvíslegar og mikilvægt er að ráðast að rót vandans heldur en að grípa til skyndilausna sem sjaldnast bera varanlegan árangur. Ekki má gleyma því að offita er langvinnur sjúkdómur sem þarf stöðugt að hafa eftirlit með líkt og aðrir sjúkdómar. Þeir sem eru með háan blóðþrýsting mæta í blóðþrýstingseftirlit. Þeir sem eru með offitu ættu að mæta í eftirlit hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi og fylgjast með þyngdinni.

Líkamsþyngd er oft viðkvæmt umræðuefni. Margir skammast sín eða óttast ásökun og fordóma. Fjölmiðlar setja oft umfjöllun um þessi mál fram á þann hátt að líta megi á offitu sem félagslega niðurlægingu. Holdarfarsfordómar finnast víða í samfélaginu, í skólakerfinu, heilbrigðiskerfinu og atvinnulífinu.

Á heilsugæslunni á Selfossi er starfrækt hjúkrunarmóttaka sem sinnir þeim sem þurfa á aðstoð að halda við að breyta lífsstíl sínum og léttast. Móttakan er hugsuð fyrir þá sem eru með líkamsþyngdarstuðul yfir 30 og/eða komnir með lífsstílssjúkdóma eins og sykursýki, stoðkerfisverki, hjarta- og æðasjúkdóma o.fl.

Í vetur mun Bjarnheiður Böðvarsdóttir hjúkrunarfræðingur sinna móttökunni. Hægt er að fá tíma með því að hafa samband við hana. Einnig er hægt að biðja heimilislækna um tilvísun í móttökuna.

Fh. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,
Bjarnheiður Böðvarsdóttir hjúkrunarfræðingur, heilsugæslu Selfoss.

Umsjónarmaður orlofsbyggðar VR á Suðurlandi

VR leitar að umsjónarmanni í 100% starf fyrir orlofsbyggð félagsins í Miðhúsaskógi. Orlofshúsin eru 26 talsins en auk þeirra er tjaldsvæði rekið á svæðinu fyrir félagsmenn að sumri. Í byggingu er aðstöðuhús fyrir umsjónarmann svæðisins.

Hæfniskröfur
- Iðnmenntun kostur en ekki skilyrði
- Búseta á svæðinu er hentug
- Verkþekking og reynsla af sambærilegum verkefnum
- Þjónustulund, færni í samskiptum og jákvæðni

Helstu verkefni umsjónarmanns
- Þjónusta og samskipti við leigutaka
- Almennt viðhald og eftirlit með orlofshúsunum og umhverfi þeirra
- Umsjón og eftirlit með lóðahirðingu, heimreið, vatnsbóli, göngustígum og girðingum
- Samskipti við verktaka

Nánari upplýsingar um starfið veitir Emil Gústafsson (**emil@vr.is**). Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til VR, Kringlan 7, 103 Reykjavík eða á netfangið **starfsumsokn@vr.is**. Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar 2020.

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

VR

matkráin
cafe - bar - restaurant
Veitingahús með áherslu á norræna matargerð
Breiðamörk 10 - 810 Hveragerði - Sími 483 1105
matkrain@matkrain.is - **matkrain.is**

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Ný störf auglýst í hverri viku!
www.dfs.is/atvinna/

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

VANJA FRÆNDI

Eftir Anton Tsjékow

Leikstjórn:
Brynhildur Guðjónsdóttir

Í Borgarleikhúsinu



Farið verður fimmtudaginn 6. febrúar.

Sýningin hefst kl. 20:00.

Brottför frá Grænumörk kl. 18:00.

Miðaverð plús rúta kr. 7.600.

Tekið við greiðslu fimmtudaginn 30. jan. kl. 13:00 - 15:00.

íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

Sterkur sigur á Víkingum

HANDBOLTI Selfoss sigraði Víkinga með þrettán marka mun, 29-16, þegar liðin mættust í Hleðsluhöllinni í Grill 66 deildinni á sunnudag.

Jafnræði var með liðunum í byrjun og var staðan 4-4 eftir átta mínútna leik. Eftir það kom góður kafli hjá Selfyssingum með nokkrum auðveldum mörkum og var staðan orðin 12-5 eftir átján mínútna leik. Selfoss fór með sjö marka forystu inn í hálfleikinn, 18-11.

Stelpurnar byrjuðu seinni hálfleik illa og skoruðu aðeins tvö mörk á fyrstu 14 mínútum hans og Víkingsstelpur búnar að minnka muninn niður í sex mörk, 20-14. Leikur Selfyssinga fór batnandi og fékk liðið aðeins tvö mörk á sig síðustu 19 mínútur leiksins. Stelpurnar sigldu því öruggum sigri í höfn.

Mörk Selfoss: Katla María Magnúsdóttir 7/1, Rakel Guðjónsdóttir 5, Hulda Dís Þrastardóttir 4/1, Agnes Sigurðardóttir og Hólmfríður Arna Steinsdóttir 3, Sólveig Erla Oddsdóttir, Þuríður Ósk Ingimarsdóttir og Maja Karadak 2 og Elín Krista Sigurðardóttir 1. Varin skot: Henriette Østergaard 11 (44%) og Dröfn Sveinsdóttir 3 (60%).

Selfoss situr sem fastast í þriðja sæti deildarinnar með 20 stig. Næsti leikur stúlknanna er gegn Fylki í Árbænum, mánudaginn 27. janúar kl. 18:30. *-esó*

Katla María var markahæst gegn Víkingum. Ljósmynd: Umf. Selfoss/IHH

Unnu 65" sjónvarp frá Árvirkjanum

Á myndinni er Iðunn ásamt Hafþóri Oddi Jóhannessyni (t.v.) frá Árvirkjanum og Inga Rafni. Ljósmynd: UMFS

KNATTSPYRNA Þann 19. desember síðastliðinn var dregið í jólahappdrætti unglingaráðs knattspyrnudeildar Selfoss. Aðalvinningurinn, 65“ LED sjónvarp frá Árvirkjanum, kom á miða númer 619 sem er í eigu Stefáns Kristins Guðlaugssonar og Iðunnar Pétursdóttur, en þau keyptu miðann af barnabarni, Bryndísi Rós van Duin, sem æfir knattspyrnu með 5. flokki Selfoss. Það var Ingi Rafn Ingibergsson starfsmaður knattspyrnudeildar Selfoss sem afhenti Iðunni sjónvarpið í verslun Árvirkjans snemma á nýju ári.

Vinningsnúmer í jólahappdrættinu má finna á vefsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net og hægt er að vitja vinninga á skrifstofutíma í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss, að Engjavegi 50.

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nú getur þú skráð viðburðinn þinn inni á DFS.is!

Sendu okkur póst á vidburdir@dfs.is

Selfyssingar í landsliðsverkefnum

KNATTSPYRNA Þau Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir, Barbára Sól Gísladóttir, Guðmundur Tyrfingsson og Þorsteinn Aron Antonsson verða öll í verkefnum á vegum landsliða Íslands í þessum mánuði.

Þær Áslaug og Barbára eru í æfingahópum U17 og U19 ára landsliða Íslands á meðan Guðmundur og Þorsteinn Aron eru í lokahópi U17 ára landsliðsins sem tekur þátt í móti í Hvíta-Rússlandi í lok janúar.

Frábær árangur hjá þessu knattspyrnufólki.

F.v. eru Þorsteinn Aron, Guðmundur, Áslaug Dóra og Barbára Sól. Ljósmynd: Umf. Selfoss

11 HSK-met á HSK-mótunum innanhúss

FRJÁLSAR HSK-mótin þrjú í flokkum 11 ára og eldri fóru fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika 12. janúar sl.

Alls voru 11 HSK-met sett á mótunum. Á unglingamóti HSK 15-17 ára voru sett þrjú met. Eva María Baldursdóttir Selfossi bætti eigið met í hástökki um einn sentimetra í þremur aldursflokkum, flokki 16-17 ára, 18-19 ára og 20-22 ára, en hún stökk 1,73 metra.

Á héraðsmótinu voru sett átta met. Dagur Fannar Einarsson Selfossi bætti 23 ára gamalt met í 60 metra hlaupi í flokkum 18-19 ára og 20-22 ára. Dagur hljóp á 7,22 sek. Elías Ágúst Högnason átti gamla metið sem var 7,0 sek. með handtímatöku, sem jafngildir 7,24 sek. með rafmangstímatöku.

Árni Páll Hafþórsson úr Þjótanda bætti 41 árs gamalt met Markúsar Ívarssonar í 800 m hlaupi í flokki 30-34 ára, en hann hljóp á 2:14,23 mín. Gamla metið var 2:22,5 mín.

Veigar Þór Viðisson vann allar keppnisgreinarnar í 14 ára flokki

Eva María stökk 1,73 m í hástökki.

Fjóla Signý Hannesdóttir Selfossi setti tvö met í flokki 30-34 ára kvenna. Hún hljóp á 8,23 sek. í 60 m hlaupi og á 9,08 sek. í 60 m grindahlaupi.

Loks þríbætti Ólafur Guðmundsson HSK-metið í kúluvarpi með 7,26 kg kúlu í flokki 50-54 ára. Lengsta kast Óla var 11,75 m. Guðmundur Nikulásson átti gamla metið.

Lið Selfoss vann stigakeppni félaga á aldursflokkamótinu, sameiginlegt lið Garps og Heklu varð í öðru sæti og Hrunamenn komu þar á eftir. Selfoss vann stigakeppnina á héraðsmótinu eftir spennandi keppni við Þjótanda. Unglingarnir í Selfoss unnu svo stigakeppnina á unglingamótinu nokkuð örugglega.

Heildarúrslit mótanna má sjá á www.fri.is og fleiri myndir frá mótinu eru á www.hsk.is.

Metin falla á Stórmóti ÍR

FRJÁLSAR Fjöldi keppenda tók þátt í Stórmóti ÍR í frjálsíþróttum sem haldið var í Reykjavík um síðustu helgi. Alls voru 11 HSK-met sett á mótinu.

Elín Karlsdóttir Selfossi stórbætti eigið HSK-met í 3.000 metra hlaupi kvenna, en hún hljóp á 12:36,49 mín. og bætti sig um rúmar 70 sek. Þetta er einnig met í flokkum 16-17, 18-19 og 20-22 ára.

Sindri Freyr Seim Sigurðsson úr Heklu tvíbætti eigið met í 200 metra hlaupi í þremur aldursflokkum og setti þar með sex HSK-met. Hann hljóp í undanrásum á 23,32 og á 23,28 í úrslitum. Ársgamalt met hans var 23,38 sek.

Sindri Freyr setti sex HSK-met.

Þorvaldur Gauti Hafsteinsson Selfossi bætti HSK-metið í 600 m hlaupi 13 ára stráka, hljóp á 1:44,00 m, en ársgamalt met Goða Gnýs Guðjónssonar var 1:45,28 mín.

Í fyrra var farið að skrá stig í fimmtarþraut í flokkum 11 og 12 ára. Bryndís Embla Einarsdóttir Selfossi setti HSK-met í 11 ára flokki, en hún fékk samtals 3.076 stig. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson Selfossi setti met í 12 ára flokki með 3.708 stig.

Loks setti Fjóla Signý Hannesdóttir Selfossi HSK-met í 30-34 ára flokki, hljóp á 59,64 sek.

31 keppandi á Fjórðungsglímu Suðurlands

GLÍMA Fjórðungsglíma Suðurlands 2019 fór fram að Laugalandi í Holtum 14. desember sl. Keppt var á tveimur dýnulögðum völlum í fjórum flokkum stúlkna, þremur flokkum drengja og kvennaflokki. Keppni í karlaflokki féll niður. Alls sendu þrjú félög 31 keppenda til leiks en rétt til þátttöku í Fjórðungsglímu eiga allir félagar íþrótta- og ungmennafélaga á svæðinu frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni að Reykjavík undanskilinni.

Fjórðungsmeistarar urðu þau Thelma Rún Jóhannsdóttir Laugdælum, Guðrún Margrét Sveinsdóttir Dímon, Andreas Haraldur Ketel Þjótanda, Svandís Aitken Sævarsdóttir Þjótanda, Valur Ágústsson Dímon, Arna Daníelsdóttir Laugdælum, Elín Fríða Geirsdóttir Dímon og Sæþór Leó Helgason Þjótanda.

Heildarúrslit og fleiri myndir eru á www.hsk.is.

SELFOSS KARFA 2005
UMF SINDRI HÖFN
SELFOSS - SINDRI
Föstudaginn 24. jan. kl. 19:15 - Íþróttahús Vallaskóla

Aðalfundur
Aðalfundur Stangaveiðifélags Selfoss verður haldinn á Hótel Selfossi föstudaginn 31. jan. kl. 20.
Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf
Stjórnin
STANGAVEIÐIFÉLAG Selfoss STOFNAÐ 1946

Aðalfundur Sleipnis 2020
SLEIPNIR — stofnað 1929 —
23. janúar – NÝ DAGSETNING
Ákveðið hefur verið að færa aðalfund Sleipnis um einn dag vegna landsleiks Íslands og Svíþjóðar sem er á fundartíma sem áður var auglýstur og hefði haft áhrif á fundarsókn.
Aðalfundur verður því fimmtudaginn 23. janúar kl. 20.00 í Hliðskjálf.
Kveðja, stjórnin

Hagkvæmar lausnir fyrir þitt fyrirtæki
- Reglulegar ræstingar
- Alhliða hreingerningar
- Bónleysing, bónun og viðhald gólfa
- Teppahreinsun
- Sérhæfð þrif á steinteppum
- Vélskúrun
- Önnur sérverk

Hafið samband við Kristrúnu S: 693 4934
kristrun@dagar.is
Léttum þér lífið dagar

Skákkennsla grunnskólabarna

Frá skáknámskeiði í Fischersetri

Fischersetrið á Selfossi mun í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg, Skákskóla Íslands og Skákfélag Selfoss og nágrennis standa fyrir skákkennslu fyrir grunnskólabörn í Fischersetrinu á laugardögum frá kl. 11.00–12.30. Yfirumsjón með kennslunni hefur Helgi Ólafsson, stórmeistari og skólastjóri Skákskóla Íslands.

Alls verða þetta 10 laugardagar og fyrsti tími verður laugardaginn 25. janúar nk. kl. 11:00.
Þeir sem hafa áhuga á skákkennslunni eru beðnir um að mæta u.þ.b. 30 mínútum áður en fyrsta æfing hefst til að ganga frá skráningu og greiðslu nemendagjalds sem er kr. 4.500 fyrir þessi 10 skipti.
Varðandi frekari upplýsingar þá vinsamlegast hringið í síma 894 1275 eða sendið tölvupóst á netfangið fischersetur@gmail.com.

Fischersetrið á Selfossi.

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands styrkir tvö doktorsverkefni

Á hátíðarfundi Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands þann 16. janúar síðastliðinn voru veittir tveir styrkir fyrir árið 2019. Styrkina hlutu að þessu sinni Sölvi Rúnar Vignisson og Magdalena Falter. Fengu þau hvort um sig 750.000 kr. styrk til doktorsverkefna sinna. Það var Eliza Reid forsetafrú sem afhenti styrkina.

Sölvi Rúnar fær styrk til að vinna að doktorsverkefni sínu sem ber heitið „Að fara eða vera?“ Ástæður farhátta ungra tjalda á Íslandi. Í verkefni Sölva Rúnars er farhegðun tjalda skoðuð sérstaklega. Flestar tegundir á Íslandi stunda far og fara til Evrópu eða Afríku yfir vetrarmánuðina en þó eru hér tegundir sem þreyja þorrann á Íslandi. Samanburðinn á þessum tveimur farháttum er hægt að nota til þess að átta sig á þróun farhátta fugla almennt og sömuleiðis álykta um áhrif loftslagsbreytinga á farfuglastofna.

Magdalena vinnur að doktorsverkefni sem ber heitið „Stafræn nýsköpun og frumkvöðlakraftar í dreifðum byggðum.“ Um þessa krafta í nýsköpun er í sjálfu sér lítið vitað hvað snertir dreifðar byggðir hérlendis. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að kortleggja og lýsa frumkvöðlasamfélaginu í dreifðum byggðum landsins, benda á lykil gerendur og lýsa innri kröftum samfélagsins. Áhersla verkefnisins er á stafræna sviðinu þó efalaust megi yfirfæra að einhverju leyti niðurstöðurnar á aðrar atvinnugreinar t.d. ferðaþjónustu. -gpp

Flúðaskóli hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2019

Menntaverðlaun Suðurlands 2019 sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga veita voru afhent í tólfta sinn þann 16. janúar á árlegum hátíðarfundi Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands en athöfnin fór fram í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Flúðaskóli hlaut verðlaunin fyrir leiklistarstarf á menntasviði. Í rökstuðningi þeirra sem stóðu að tilnefningunni kemur m.a. eftirfarandi fram:

Í Flúðaskóla hafa til fjölda ára verið sett upp metnaðarfull leikverk árlega, annars vegar af 1. - 7. bekk skólans og hins vegar af unglingastigi.

Leiklistarstarfið í Flúðaskóla er stórkostlegt skólaverkefni og gott dæmi um það hvað hægt er að gera í samstilltum hópi þegar honum eru skapaðar aðstæður og traust til að skila góðu starfi, þar sem hver einstaklingur fær að nýta hæfileika sína og tengja þá við áhugasvið sitt. Samstarf við nærsamfélagið er gott og viðtökur íbúa og nærsveitunga til fyrirmyndar.

Það nám sem fram fer með þessu móti er ómetanlegt. Það leggur m.a. grunn að samfélagsþátttöku einstaklinganna, ýtir undir frumkvæði og kjark og er í raun og veru undirstaða þess að félagsstarf þrífist. Börn sem fá slíka reynslu ár eftir ár eiga eftir að bera uppi félagsstarf í því samfélagi sem þau velja sér að vera hluti af síðar á lífsleiðinni. Þessi börn hafa hvað eftir annað með samstöðu að vopni komið því til leiðar sem að var stefnt. Það er dýrmætt veganesti út í lífið.

Forsetafrú Íslands, frú Eliza Reid og Eva Björk Harðardóttir, formaður SASS, afhentu verðlaunin þeim Margréti Larsen, aðstoðarskólastjóra Flúðaskóla, Árna Þór Hilmarssyni grunnskólakennara og fimm nemendum í tíunda bekk skólans.

Tilraunaverkefni með sorphirðu í Skaftárhreppi

Á kveðið hefur verið að Skaftárhreppur fari í tilraunaverkefni um breytta sorphirðu í sveitarfélaginu. Tilraunaverkefnið er í samstarfi við Háskóla Íslands og ReSource International ehf. Tilraunaverkefnið mun felast í því að gera athugun á því hvaða sorphirðufyrirkomulag hentar best með tilliti til ánægju íbúa og með það að markmiði að auka flokkun og draga úr urðun. Búið er að skipta Skaftárhreppi upp í 6 tilraunahverfi sem hvert hefur sitt sorphirðukerfi. Þá kemur fram í tilkynningu að stuðst sé við nýjustu tæknilausnir og rannsóknir í sorphirðu við val á kerfunum. Í samtali við Ólaf Elvar Júlíusson, skipulags- og byggingarfulltrúa kemur fram að allt sé á fullu við undirbúning verkefnisins. „Það verður ítarleg kynning á fyrirkomulaginu fyrir íbúa í lok mánaðarins og við auglýsum það vel þegar þar að kemur.“ Eva Björk Harðardóttir, oddviti í Skaftárhreppi sagði að markmiðið með verkefninu væri að finna út það sorphirðukerfi sem væri efnahagslega og umhverfislega hagkvæmast fyrir sveitarfélagið. Verkefnið væri hugsað sem árs tilraunaverkefni. Þannig fengist reynsla á það hvaða kerfi hentaði íbúum í hreppnum best. -gpp

Námskeið:

Markmiðasetning og jákvæð sálfræði

Námskeiðið verður **þriðjudaginn 4. febrúar kl.16:00 – 19:00** og er opið öllum!

Allir þátttakendur fá eintak af MUNUM dagbókinni sem er hönnuð með það að leiðarljósi að hámarka líkur á árangri og efla jákvæða hugsun.

Leiðbeinendur eru **dr. Erla Björnsdóttir** sálfræðingur og **Hrund Guðbrandsdóttir** markaðsfræðingur.

Skráning á **arnessysla@krabb.is** eða í síma 788 0300. Félagið niðurgreiðir námskeiðsgjaldið og kostar því aðeins 2500 kr. að taka þátt á námskeiðinu.

Námskeiðið er haldið í húsnæði Rauða krossins á Selfossi að Eyravegi 23.

Krabbameinsfélag Árnessýslu

Nauðsyn brunaviðvörunarkerfa í landbúnaði

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu

Því miður gerist það að gripahús í landbúnaði brenna. Þessu getur fylgt mikið fjárhagslegt tjón en ekki síður tilfinningalegt tjón. Ég held að allir sem þekkja eitthvað til sveitamennsku viti hversu sterkum böndum bændur tengjast búfé sínu.

Mikið er af eldri byggingum til sveita sem hýsa búfénað og hafa gert í sumum tilvikum um margra áratuga skeið. Misjafnt er hvaða byggingareglugerðir voru í gildi á þeim tímum og þar með misjafnar kröfur gerðar á byggingarefni og byggingarhætti.

Nú í seinni tíð hefur hugarfar til landbúnaðarbygginga breyst nokkuð með tilliti til eldvarna og þess hversu nauðsynlegt er að menn verði varir við eldinn sem fyrst, komi til þess að kvikni í. Til þess að hægt sé að bregðast við á upphafsstigi eldsins og forða tjóni er algjört lykilatriði að fyrir hendi sé búnaður sem lætur vita í tíma. Tækninni hefur fleygt fram í landbúnaði eins og á öðrum sviðum og því oft og tíðum meira um allskyns rafmagns- og tölvubúnað sem ásamt öðrum þáttum geta aukið líkur á íkviknun, fari eitthvað úrskeiðis.

Í leiðbeiningablaði Mannvirkjastofnunar um landbúnaðarbyggingar nr. 116.BR1 segir að sjálfvirk brunaviðvörunarkerfi skuli alltaf setja upp í gripahúsum ef tæknibúnaður er í sama rými og gripirnir.

Vegna óhreininda og raka henta hefðbundin brunaviðvörunarkerfi oftast ekki vel og hafa menn því sett upp svokölluð reyksogskerfi sem henta betur í þessa tegund húsa. Þá eru sett upp einföld rörakerfi sem soga til sín loftsýni og leiða þau gegnum síur og rakagildrur áður en þau koma að reykskynjara sem staðsettur er við stjórnstöð kerfisins.

Í dag eru til allskonar lausnir í smáforritum sem geta gert mönnum viðvart í gegnum farsíma um leið og reykskynjarinn sendir frá sér boð. Í mörgum tilfellum má koma í veg fyrir mikið tjón með þessum hætti.

Mikið er um lög og reglur á landinu okkar góða og þykir sumum nóg um. Hinsvegar ná lög og reglur ekki yfir alla hluti og hvers vegna ættu þau að gera það? Þegar um líf og velferð manna og dýra er að ræða ætti almenn skynsemi að fá okkur til þess að gera sem best í þessum efnum þó að það sé ekki fyrirskrifað í lög og reglur hvað nákvæmlega á að gera.

Það er augljóst að dýr geta ekki bjargað sér sjálf út úr brennandi byggingum og því þurfum við að hafa kerfi sem lætur okkur vita svo við getum gripið inn í. Þá gilda ekki rökin „það gerist aldrei neitt hjá mér“ eða „þetta kostar allt of mikið“. Sem betur fer sleppa flestir í gegnum lífið án stórra áfalla, en þeir sem sleppa gera það oft vegna þess að þeir eru fyrirhyggjusamir. Hvað kostnað varðar má yfirleitt finna nokkrar leiðir að sama marki, hverja í sínum verðflokki.

Mörg útköll eru slökkviliðsmönnum erfið og eru útköll í landbúnaðarbyggingar þar sem skepnur hafa farist í eldi og/eða slasast mikið í flokki þeirra verkefna sem geta tekið mikið á. Það er með þessi útköll eins og svo mörg önnur sem menn myndu gjarnan vilja sleppa við. Það er til búnaður og verkþekking til þess að lágmarka líkurnar á að eldur nái að þróast og breiða úr sér í landbúnaðarbyggingum. Þetta er eitthvað sem allir viðkomandi ættu og þurfa að tileinka sér.



Dæmi um reyksogskerfi í gripahúsi (mynd úr leiðbeiningum MVS nr.116.BR1)

Vinna við fjölnota íþróttahús á Selfossi miðar vel áfram

Þann 15. janúar sl. fór fram fyrsta steypuvinnan í nýju fjölnota íþróttahúsi sem er að rísa á Selfossi. Það var sökkulfótur undir norðurvegg hússins sem var steyptur og fóru í hann um 110 mww af steypu. Samkvæmt upplýsingum blaðsins gengur verkið vel. Jarðvinnan er komin vel á veg. Reikna má með að fyllingar undir vesturhlið hússins ljúki í vikunni og búið er að moka upp fyrir austurhlið hússins. Í samtali við Björn Þórðarson hjá ÍSTAK hefur verkefnið gengið vel og aðspurður um hvort veðurfar undanfarið hafi sett strik í reikninginn segir hann að menn séu vel meðvitaðir um að janúar geti verið rysjóttur og það hafi ekki teljandi áhrif á framkvæmdirnar. Í samtali við Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúa í Árborg kemur fram að: „það er mjög ánægjulegt að sjá hve verkið við þennan fyrsta áfanga í framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja á Selfossvelli gengur vel, þrátt fyrir vetrarveður. Það var mikið gæfuspor tekið þegar Ungmennafélag Selfoss og Svf. Árborg ákváðu síðastliðið vor að sameinast um að fara í þessa metnaðarfullu uppbyggingu íþróttamannvirkja sem mun nýtast íbúum sveitarfélagsins og Sunnlendingum öllum. Samkeppnisstaða sveitarfélagsins og íþróttafélaganna mun taka þrístökk er fjölnota íþróttahúsið verður tekið í notkun í ágúst á næsta ári, því góð íþróttaaðstaða og öflugt félagslegt starf er ein af þeim lykilbreytum sem fólk horfir í, þegar það velur sér stað til að búa á.“

-gpp

Laus störf í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Aðalbókari og launafulltrúi

Starf aðalbókara og launafulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er laust til umsóknar. Starfshlutfall getur verið sveigjanlegt fyrst um sinn, en verður 100% innan árs frá ráðningu.

Starfssvið

- Bókun og lyklun fylgiskjala sem og önnur úrvinnsla úr fjárhagsbókhaldi
- Afstemming fjárhagsbókhalds
- Uppgjör virðisaukaskatts
- Gerð reikninga
- Skýrslugerð og greining upplýsinga
- Vinna með sveitarstjóra og endurskoðendum við áætlanagerð og uppgjör
- Launavinnsla og frágangur launa
- Launaröðun og launagreiðsla samkvæmt ráðningar- og kjarasamningum
- Upplýsingagjöf til launþega
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur og menntun:

- Reynsla og góð þekking á bókhaldi og launavinnslu er skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Nákvæmni og skipuleg vinnubrögð eru skilyrði
- Viðskiptamenntun eða sambærileg menntun á sviði bókhalds er æskileg, háskólamenntun er kostur
- Sjálfstæði og fumkvæði
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð

Starfskjör og laun eru í samræmi við samninga Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsjónarmaður félagsheimilisins í Brautarholti

Starfssvið

- Umsjón og húsvarsla félagsheimilisins
- Undirbúningur viðburða í húsnæðinu og frágangur eftir viðburði
- Þrif á húsnæðinu samkvæmt starfs- og verklýsingu
- Upplýsingagjöf til viðskiptavina og samskipti við þá
- Starfshlutfall er 25%, möguleiki á aukningu starfshlutfalls með fleiri tilfallandi verkefnum

Hæfniskröfur

- Samviskusemi og snyrtimennska
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Ökuréttindi
- Hreint sakavottorð

Starfskjör og laun eru í samræmi við samninga Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hvetur einstaklinga óháð kyni til að sækja um ofangreind störf.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Kristófer Tómasson sveitarstjóri sími 486 6100. Umsóknum ber að skila á netfang sveitarstjóra kristofer@skeidgnup.is fyrir 10. febrúar nk.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi. Ath. fundur 24. og 31. des. kl. 12 á hádegi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands
Miðvikudaga kl. 10–14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
Föstudaga kl. 10-12 í Strók
facebook.com/batasetur

BÍLAR

KLETTUR ehf
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM
Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir, spegla og fleira.
Annast einnig sólpallasmíði.
ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 26. jan. kl. 11:00 og fjölskyldusamvera / sunnudagskóli á sama tíma. Prestur sr. Axel Á. Njarðvík.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 25. janúar. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12, með ræðu verður Kristinn Ólafsson. Verið velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar. English translation available. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is.

Sólheimakirkja
Sunnudagur 26. janúar. Guðsþjónusta klukkan tvö eftir hádegi. Ester Ólafsdóttir leiðir söng og leikur á hljóðfæri. Prestur er Kristján Valur Ingólfsson.

Ólafsvallakirkja
Fjölskylduguðsþjónusta sunnudaginn 26. jan. kl. 11. Biblíusaga, söngur og gleði. Umsjón: Óskar og Jóna Heiðdís. Allir hjartanlega velkomnir. Sóknarprestur

Gaulverjabæjarkirkja
Messa sunnudaginn 26. janúar 14.00. Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Kór kirkjunnar leiðir söng. Organisti Haukur Arnarr Gíslason.

Eyrarbakkakirkja
Messa sunnudaginn 26. janúar 11.00. Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Kór kirkjunnar leiðir söng. Organisti Haukur Arnarr Gíslason.

Hrepphólakirkja
Dægurlagamessa sunnudaginn 26. jan. kl. 20. Kirkjukórinn syngur hugljúf dægurlög, ritningarorð, hugvekja, bæn og blessun. Notaleg kvöldstund. Allir hjartanlega velkomnir. Sóknarprestur

Skálholtsdómkirkja
Messa sunnudag kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

FUNDIR

Vöfflukaffi

Þrettánda vöfflukaffi vetrar verður haldið næsta föstudag 24. janúar á Eyravegi 15 annarri hæð á milli klukkan 16 og 18. Gestur okkar er Líneik Anna Sævarsdóttir þingmaður Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi. Hún ræðir m.a. um Hálendisþjóðgarð við vöfflugesti. Allir velkomnir.

Hádegisfundur

Hádegisfundur verður haldinn í sal Tryggvaskála laugardaginn 25. janúar kl. 11.30.

Gestur fundarins verður Díana Óskarsdóttir forstjóri HSU.

Súpa dagsins fyrir fundarmenn gegn vægu gjaldi.

Allir velkomnir.

Sjálstæðisfélagið Óðinn

Skiptar skoðanir um makaskipti á landi í Árborg

Á fundi bæjarstjórnar Árborgar var tekin fyrir beiðni um makaskipti á landi. Um er að ræða makaskipti á landi úr Stekkum fyrir land úr Óseyri. Gunnar Egilsson D-lista lagðist gegn tillögunni með þeim orðum að „Undirritaður getur ekki samþykkt þann gjörning sem hér er lagður fyrir bæjarráð. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa að gæta hagsmuna sveitarfélagsins og það er ekki hægt að sjá að það sé gert í þessu tilviki. Hér er lagt til að sveitarfélagið láti landspildu sem liggur að öðru landi í eigu sveitarfélagsins fyrir spildu sem er eyland innan um eignarlönd annarra, með takmörkuðu aðgengi. Undirritaður getur ekki með nokkru móti séð að sveitarfélagið hafi hag af þessum viðskiptum eða að landið sem boðið er í skiptum muni nýtast sveitarfélaginu á nokkurn hátt. Kjörnir fulltrúar verða að geta sagt nei við erindum sem samræmast ekki hagsmunum sveitarfélagsins. Þá er einnig eðlilegt að auglýsa land í eigu sveitarfélagsins til sölu, ef á annað borð er vilji til að selja.“

Í andsvari bókuðu Tómas Ellert Tómasson, M-lista og Eggert Valur Guðmundsson S-lista: „Hagsmunir sveitarfélagsins liggja í því að hér er sveitarfélagið að fá meira land fyrir minna eða 19,9 hektara á móti 13,2 hekturum sem kemur í framtíðinni til að nýtast á sama hátt og það land sem er í skiptum.“ Ennfremur bókaði Eggert Valur: „Undirrituð geta ekki tekið undir fullyrðingar bæjarfulltrúa D lista, um að umrædd makaskipti á landi skaði á nokkurn hátt hagsmuni sveitarfélagsins. Með þessum gjörningi er sveitarfélagið að fá 19,9 hektara af landi og lætur á móti 13,2 hektara lands. Landspildan sem sveitarfélagið fær er einungis í 3 km fjarlægð frá Selfossi og kemur til með að nýtast til þess að byrja með sem beitiland líkt og landið sem látið er í skiptum. Þá má geta þess að örstutt er í heitt og kalt vatn, það er hins vegar hægt að taka undir með bæjarfulltrúanum að almenna reglan eigi að vera sú að hyggist sveitarfélagið selja land beri að auglýsa það til sölu. Það er einnig rétt að benda á að makaskipti á landi líkt og þessi hafa margoft verið gerð án auglýsingar á undanförnum árum. Meðal annars á síðasta kjörtímabili þegar farið var í makaskipti á landspildu í eigu sveitarfélagsins og landspildu úr jörðinni Gamla Hrauni 2 í meirihlutatíð D lista.“

Í andsvari við þessu segir Kjartan Björnsson, D-lista: „Makaskipti á landi Gamla Hrauns sem meirihluti D-lista gerði á síðasta kjörtímabili var vegna þess að sveitarfélagið skorti land undir dælustöð og lét í skiptum óbyggilegt land, því voru þetta miklir hagsmunir sveitarfélagsins. Hagsmunir sveitarfélagsins í þessum makaskiptum sem nú er verið að samþykkja eru ekki í þágu þess.“

-gpp

Fjölbreytileikinn á Leikskólanum Örk

Það tekur heilt þorp að ala upp barn segir orðatiltækið. Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og þar með oft fyrsta snerting fjölskyldunnar við uppeldisaðstoðina sem þorpið veitir. Foreldrar og leikskólar hefja samvinnu að uppeldi barna og því mikilvægt að hafa fjölbreytni í leik og starfi.

Leikskólinn Örk á Hvolsvelli er eini leikskóli sveitarfélagsins Rangárþings eystra og við hann starfa 36 starfsmenn sem gegna ýmsum störfum innan leikskólans. Starfsfólkið býður upp á mikinn fjölbreytileika en þess má geta að þegar fjölmenningarvika leikskólans var haldin seinnipart árs 2019 kom í ljós að starfsmenn og nemendur leikskólans gátu tengt sig 13 mismunandi löndum.

Sex karlar starfa við leikskólann

En það er ekki bara fjölbreytni í menningu innan leikskólans heldur er kynjahlutfall starfsmanna á leikskólanum mjög gott, þó það mætti að sjálfsögðu vera jafnara, en af 36 starfsmönnum starfa nú 6 karlmenn við leikskólann. Við leikskólann starfa 15 fagmenntaðir starfsmenn, þar af níu leikskólakennarar og fjórir leikskólakennaranemar, einnig eru tveir starfsmenn með aðra háskólamenntun.

Samþykki fyrir byggingu nýs leikskóla

Við Leikskólann Örk eru nú um 100 nemendur en sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur samþykkt að byggður verði nýr og stærri leikskóli á skólasvæðinu við Hvolsskóla og að öll starfsemin færist þá í nýtt húsnæði. Nýi leikskólinn gerir ráð fyrir 8 deildum með stækkunarmöguleika og að minnsta kosti 150 börnum.

Hönnun og útboð framkvæmda við nýjan leikskóla munu fara fram árið 2020 og vonast er til þess að hægt verði að hefja framkvæmdir við byggingu árið 2021.

Frá hægri á myndinni eru það þeir Przemyslaw Bielawski, Benedikt Óskar Benediktsson, Eggert Birgisson, Guðgeir Óskar Ómarsson, Ævar Már Viktorsson og Högni Þór. Allir vinna þeir inni á deildum leikskólans utan Eggerts sem er yfirmaður í eldhúsi leikskólans.

Brunavarnir Árnessýslu hafa opnað nýja heimasíðu

Brunavarnir hafa sett í loftið nýja og glæsilega heimasíðu. Sú gamla var komin til ára sinna og tímabært að uppfæra hana og færa til nútímans. Þrátt fyrir að búið sé að setja síðuna í loftið og flest sé farið að virka eins og best verður á kosið, er vinna við hana í fullum gangi. Allar líkur eru á því að vinnan muni ganga hratt og vel fyrir sig. Í samtali við Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóra kemur fram að ætlunin sé að almenningur geti nálgast á aðgengilegan og fljótlegan hátt allt mögulegt sem lýtur að málaflokknum sér til upplýsinga og gagns. Stefnt er að því að heimasíðan verði „lifandi“ og auðlesanleg og því má alltaf búast við einhverjum breytingum og uppfærslum á henni. Við hvetjum lesendur til að líta við inn á síðuna en veffangið er babubabu.is. -gpp



Skipulagsauglýsing fyrir Sveitarfélagið Ölfus

ÖLFUS

Tillaga deiliskipulags fyrir Götu í Selvogi

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 273, 28. 11. 2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv. 1 mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss frá 1. fundi 21. 11. 2019.

Deiliskipulagið nær til tjaldsvæðis innan jarðarinnar Götu, Litlu og Stóru, Selvogi í Sveitarfélaginu Ölfusi. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir tjaldsvæði ásamt þjónustuhúsi, sjoppu og salernisaðstöðu. Innan svæðisins er að auki gert ráð fyrir byggingarreit fyrir smáhýsi sem verða tengd starfsemi tjaldsvæðisins. Skipulagssvæðið er um 4,4 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við heimildir aðalskipulags er varðar uppbyggingu ferðaþjónustutengdar starfsemi á landbúnaðarsvæðum.

Deiliskipulag þetta verður til sýnis á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn frá og með 20. janúar til 4. mars 2020. Uppdráttur er einnig aðgengilegur á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is, undir skipulag í kynningu.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss eða með undirritun á skipulag@olfus.is, merkt „Gata“.

Bæjarstjóri Ölfuss.

Leikskólinn Heklukot

Sérkennslustjóri

Auglýst er eftir sérkennslustjóra til starfa í 100% stöðu við leikskólann Heklukot á Hellu í Rangárþingi ytra sem er um 100 km frá Reykjavík.
Heklukot er fimm deilda leikskóli með um 75 nemendur frá eins til fimm ára.
Unnið er eftir markmiðum Skóla á grænni grein sem fela í sér sambærilegar áherslur og í Aðalnámskrá leikskóla (2011). Einnig er unnið eftir markmiðum Heilsustefnunnar sem stuðlar að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón með skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu í leikskólanum í samráði við leikskólastjóra.
- Yfirumsjón með uppeldis- og námsgögnum leikskólans sem tengjast sérkennslu, gerð verkefna og gerð einstaklingsnámskráa.
- Yfirumsjón með samskiptum við foreldra, sérkennsluráðgjafa og aðra sem koma að sérkennslu.
- Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur við foreldra og starfsmenn.
- Að veita börnum með sérþarfir leiðsögn og stuðning.
- Hlutfall barna af erlendum uppruna er nokkuð og er mikil áhersla lögð á að halda vel utan um þau og fjölskyldur þeirra. Stór partur af starfinu er því málörvun og íslenskukennsla um leið og við leitum nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra. Vinnur eftir starfslýsingu leikskólans, með og undir stjórn leikskólastjóra.

Menntun, hæfni og reynsla:

- Leikskólasérkennaramenntun, þroskaþjálfamenntun, Bs. í sálfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun í sérkennslufræðum æskileg.
- Reynsla af sérkennslu.
- Reynsla af starfi í leikskóla.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta.

Húsnæði er í boði sé þess þörf.
Umsókn og ferilskrá óskast send rafrænt á heklukot@heklukot.is fyrir 25. janúar nk. Nánari upplýsingar veitir Auður Erla Logadóttir leikskólastjóri í síma 488 7045, netfang: heklukot@heklukot.is einnig má sjá upplýsingar um skólann á heimasíðu skólans: www.heklukot.leikskolinn.is.

www.heklukot.leikskolinn.is. - heklukot@heklukot.is - 488 7045

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2532 Miðvikudagur 22. janúar 2020

Akranesið lagði við höfnina í Þorlákshöfn í fyrsta sinn

Ný vöruflutningaferja fyrirtækisins Smyril Line kom í fyrsta skipti til hafnar í Þorlákshöfn þriðjudaginn 14. janúar sl. Ferjan mun sigla vikulega milli Þorlákshafnar og Hirtshals í Danmörku með viðkomu í Færeyjum. Ferjan ber nafnið Akranes. Skipið er 138 metra langt, 23 metra breitt, 10.000 tonn og tekur 100 vöruflutningavagna í hverri ferð. Akranes er systurskip Mykines, sem hefur reynst mjög vel í siglingum milli Þorlákshafnar og Rotterdam.

Í samtali við Dagskrána segir Linda Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line Cargo á Íslandi: „Markmið með þessari nýju siglingarleið hjá Smyril Line er að stytta flutningstíma í inn- og útflutningi til / frá Skandinaviu með skipi. Þetta er sama markmið og við höfðum þegar við hófum siglingar með Mykinesi fyrir tæpum þremur árum. Þá styttum við flutningstíma með skipi milli Íslands og meginlands Evrópu og hefur sú þjónusta gengið vel og fengið góðar viðtökur á markaðinum. Með nýju áætluninni getum við sinnt viðskiptavinum mun betur og boðið upp á fleiri hafnir með stuttum flutningstíma.

Ný þjónusta í útflutningi á ferskum afurðum

Þá segir Linda að flutningstími sé sérstaklega mikilvægur partur af allri aðfangakeðju vöru í inn- og útflutningi fyrir eyjabúa eins og Íslendinga. „Markmið Smyril Line er að búa til sem stystan flutningstíma og um leið áreiðanlegar flutningsleiðir fyrir viðskiptavini á Íslandi og í Færeyjum. Í útflutningi erum við að bjóða uppá þjónustu sem ekki hefur verið reynd frá Íslandi áður þ.e.a.s. við afhendum fisk sem fer frá Íslandi á mánudagskvöldi um alla Evrópu aðfaranótt föstudags. Hingað til hafa útflytjendur ferskra fiskafurða einungis getað sent með skipi fisk sem afhentur er á markað á mánudegi og þriðjudegi. Sá markaður er mjög mikilvægur Íslendingum og við sinnum þeim markaði með siglingum Mykines frá Þorlákshöfn til Rotterdam. En nú geta útflytjendur einnig afhent fisk á föstudagsmorgni beint til neytenda eða á markað,“ segir Linda.

Þorlákshöfn orðin lykilhöfn í flutningum á sjó

Þegar Dagskráin ræddi við Elliða Vignisson, bæjarstjóra Ölfuss segir Elliði að markvisst hafi verið unnið að því að efla siglingar til og frá Þorlákshöfn og Akranesið verði enn frekari lyftistöng fyrir höfnina og sveitarfélagið þar sem umsvifin komi til með að aukast og þar með störf og afleidd atvinnustarfsemi. „Þorlákshöfn er í dag orðin lykilhöfn í flutningum á sjó til og frá Evrópu. Til að styðja við þessa þróun höfum við gert miklar endurbætur á hafnaraðstöðunni og þær framkvæmdir nýtast okkur í þessu vaxtarskrefi enda notar nýja ferjan sömu aðstöðu og Mykines. Þá eigum við tilbúnar lóðir á hafnarsvæðinu fyrir aukna starfsemi. Við höfum þá trú að á komandi árum muni inn- og útflytjendur leggja aukna áherslu á skemmri siglingu til að tryggja betur ferskleika vörunnar og draga úr kolefnisspori vegna flutninga en siglingin til og frá Evrópu tekur hátt í sólarhring skemmri tíma þegar siglt er hingað miðað við Faxaflóann. Það var mikil gæfa fyrir okkur hér í Ölfusi að fá til liðs við okkur fyrirtækið Smyril Line. Samstarfið við starfsmenn þar, bæði hér á landi og erlendis, er til mikils sóma. Allt sem þau segja stenst og allt sem þau ætla sér tekst þeim. Vonir okkar standa til þess að vinna með þeim að enn hærra þjónustustigi og sjálfur er ég algerlega sannfærður um að Þorlákshöfn verður á fáum árum orðin lykilhöfn í inn- og útflutningi hér á landi, segir Elliði að lokum. -gpp

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Josera
Gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Erum flutt á Selfoss
Velkomin áfram í viðskipti
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar
Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 -17

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka
raudahusid.is
483-3330
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is
opið 17:00-21:00 mið-fim
12:00-21:00 lau-sun

MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN
Kennslustofa 60
SB SKILTAGERÐ
Þorlákshöfn – Sími 483 1955 – www.sbskilti.is

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is